



Fundargerð		
Yfirskrift / efni:	2. formannafundur KLÍ 2014-2015	
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ	
Hvenær:	Fimmtudaginn 26. febrúar 2015 kl. 20:00	
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) ÍR Jón Grímsson (JG) ÍR Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR Guðmundur Sigurðsson KFA Ásgrímur Helgi Einarsson KFR	Formaður Gjaldkeri Ritari
Boðuð forföll:	Heiðar Rafn Sverrisson ÍR	
Fjarverandi:	Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR Karenina Kristín Chiodo (KKC) KFR	Varaformaður Meðstjórnandi 2. varamaður 3. varamaður
Fundarritari:	JÁJ	

Dagskrá fundar

Dagskrá fundar	1
Fundargerð	1
Starfsreglur mótanefndar	1
Starfsreglur stjórnar KLÍ	2
Staðan vegna lokunar Öskjuhlíðar	2
Fréttaflutningur og skil á mótum	2
Þing KLÍ	3
Önnur mál	3
Landsliðsmál	3
Fundur með Menntamálaráðherra	3

Fundargerð

Starfsreglur mótanefndar

ÞMP hefur fund. Nefnir beiðni frá formanni KFR um formannafund og efnisatriði sem þar voru listuð upp og eru í dagskrá þessa fundar. ÁHE fær orðið. Nefnir mál um frestanir sem veittar hafa verið og óánægju með hvernig staðið er að því og samskipti við mótanefnd. Fór að velta fyrir sér hvernig staðið er að vinnu t.d. mótanefndar. Vekur athygli á að það er ekki haldin fundargerð hjá mótanefnd. ÞMP vekur athygli á að samskipti mótanefndar fara í gegn um netfang sem öll mótanefnd hefur aðgang að og sér, netfang á vegum KLÍ. ÁHE nefnir að Landsliðsnefnd sendir fundargerðir á KLÍ.

JÁJ nefnir að KFR hefur kært stjórn KLÍ til dómstóls ÍSÍ og það sé óábyrgt af stjórn KLÍ að ræða þessi mál á meðan málið er til úrlausnar hjá dómstól ÍSÍ. ÁHE mótmælir þessari skýringu.

JG nefnir að það mætti taka saman upplýsingar um ákvarðanir mótanefndar og gefa út formlega.

ÁHE nefnir að álit lögfræðings sem mótanefnd fékk komi inn á tilviljunarkenndar ákvarðanir mótanefndar. JG og GS mótmæla þessari túlkum ÁHE og benda á að mótanefnd hafi haft samræmi milli ákvarðana frá því að reglum var síðast breytt.

Almennar umræður um beiðnir um frestanir og afgreiðsla þeirra.

Starfsreglur stjórnar KLÍ

ÁHE hefur umræðuna um þessi mál og nefnir að hann sé almennt að spá í þetta í sambandi við stjórn KLÍ og nefndir á hverjum tíma. Veltir því upp af hverju félögin eru að bjóða fram fólk í setu í þessum stjórnnum og nefndum og af hverju þær eru svona vanmáttugar. Þessu þarf að breyta og félögin verða að líta inn á við og hvetja fólk til starfa.

Umræður um viðhorf almennt til fólks sem sinnir sjálfbóðaliðsstarfi í svona félagsstarfi.

GS metur að rót vandans liggi í framkomu almennt keilara til hvers annars.

Spurning hvort að vandi sé í grasrót keilunnar og að stjórnendur verði að fara í sín félög og ræða við félagsmenn. Virðing verður að vera í fyrirrúmi ef bæta á andrúmsloft innan keilunnar.

ÞMP nefnir að hann hafi lagt fram á formannafundi fyrir 3 – 4 árum að KLÍ setji siðareglur um samskipti innan sambandsins og heimildir til að kæra og sekta menn ef um ósæmilega hegðun er að ræða t.d. á samskiptamiðlum. Það mál fór ekki lengra og spurning hvort það þurfi að taka það upp.

Fundurinn er sammála um að senda út áskorun á öll félögin að þau leggi sitt af mörkum til þess að nefndir og stjórnir innan KLÍ séu mannaðar fólki frá öllum félögum. Fólki sem hefur áhuga á að starfa að málefnum keilunnar henni til framdráttar og með virðingu fyrir keilurum að leiðarljósi.

Staðan vegna lokunar Öskjuhlíðar

ÞMP nefnir að búið hafi verið að láta stjórn KLÍ vita að til stæði að halda Öskjuhlíð opinni fyrir æfingar og keppni til loka tímabils. ÁHE fékk póst frá fulltrúa Öskjuhlíðar að búið væri að ákveða þar inni að færa öll mót upp í Egilshöll nema ef hún væri fullbókuð. ÞMP fékk þessar uppl. og fór fram á fund með Rúnari og co. Þegar sá fundur var sat Rúnar hann ekki. Þessu verður ekki snúið við og verður því keilan það sem eftir lifir tímabils í Egilshöll.

Almennar umræður um aðstöðu fyrir keiluíþróttina.

Fréttaflutningur og skil á mótum

GS nefnir að bæta þurfi fréttaflutning frá mótum á vefina okkar. Mót eru kláruð á staðnum en fréttir koma ekki þaðan út á vefina. ÞMP nefnir að fréttir eru t.d. ekki settar inn á KLÍ síðuna þegar deildarumferðir eru settar inn. GS er að nefna þetta í almennu samhengi.

ÞMP nefnir að það þurfi að virkja upplýsinganefnd og að hún þurfi t.d. að skipta með sér mótum og fjalla um þau á miðlum. JÁ fer yfir að það þarf að setja upp verklagsreglur um hvernig standa skuli að umfjöllun um mót. Láta fjölmiðla fyrirfram, fjalla um á meðan mót er og klára umfjöllun um leið og mót klárast en ekki einhverjum dögum síðar. Það þarf að gerast í samstarfi við þann sem heldur mótið og upplýsinganefndar.

Fundur er sammála um að það þarf að virkja upplýsinganefnd, fá fólk í hana og efla hana með öllum ráðum.

Þing KLÍ

ÞMP nefnir að búið sé að senda út fyrra þingboð. Þing verður haldið í KR heimilinu Frostaskjólí. Halda þarf annan formannafund fyrir þing til að klára þau mál sem liggja fyrir.

Eina reglugerðabreyting sem kemur frá stjórn fyrir þetta þing eru breytingar sem eru frá WTBA og ETBF um tæknibreytingar og verið er að vinna að í nefnd á vegum KLÍ.

Fram kemur að það þarf að kjósa nokkra fulltrúa í stjórn KLÍ. JG ætlar ekki að gefa kost á sér áfram. JÁJ sem tók sæti sem 1. varamaður vegna brotthvarfs Viktors er bara með kosningu í 1 ár. TÓ var kosin á síðasta þingi til eins árs svo að ÞMP og HPH halda áfram enda kjörnir til tveggja ára. Kjósa þarf því 3 stjórnarmenn og 3 varamenn. Óljóst hverjir bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Breytingar verða m.a. í Landsliðsnefnd og Mótanefnd svo að finna þarf fulltrúa þar inn ásamt fleiri nefndum.

Önnur mál

Landsliðsmál

ÞMP ræðir um landslið heyrnalausra. Var búið að setja niður uppl. um það en stjórn KLÍ hafði ekki svarað beiðni hans um athugasemdir svo það verður sent áfra á ÁHE.

Fundur með Menntamálaráðherra

ÞMP segir frá fundi sérsambanda með Menntamálaráðherra. Sá fundur var til að upplýsa ráðherra um hvernig staða sérsambanda er og til að kynna honum almennt stöðuna með samböndin. Fundurinn var góður og skipst á upplýsingum.

Fundi slitið kl. 21:40